

Til heimastjórnar Djúpavogs.

- *Tillögur að Samfélagslegu gróðurhúsi og Samfélagslegum veiðibát/trillu.*

Sæl.

Eins og ég hef áður deilt með ykkur hef ég mikinn áhuga á áherslum Cittaslow-stefnunnar og finnst Djúpivogur geta markað braut til fyrirmynadar í þeirri stefnu.

Í samræmi við Cittaslowstefnuna og eflingu Djúpavogs vil ég setja hér fram tvær tillögur sem mætti svo þróa áfram.

1. Samfélagslegt Gróðurhús:

Þegar ég kom á Djúpavog lenti ég, vegna húnsæðisskorts, óvænt í „samfélags-sambúð“ með ungum ítölskum garðyrkjumanni. Í þeim fáu tilvikum sem við vorum heima á sama tíma tókust með okkur samræður um ýmislegt, oftast tengt garðyrkju og ræktunarskilyrðum á Íslandi, m.a. hversu jarðvegurinn á Íslandi væri góður en helst þyrfti að huga að skjóli/varma og stöðugri birtu árið um kring og hvernig væri hægt að byggja upp skólagarða sem hann var tilbúinn að vera ráðgefandi við.

Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að það væri til fyrirmynadar ef yrði reist „samfélagslegt gróðurhús“ á Djúpavogi, þar sem lögð yrði áherslu á sjálfbærni og að allir íbúar sem hefðu áhuga gætu fengið aðstöðu í. Einnig mætti þar efla samvinnu við ræktun og uppskeru og hugsanlega vinnslu matvæla í kjölfarið. Hugmyndin var rædd og kom þá bæði í ljós að fleiri væru að hugsa á sama veg, og einnig þá áhugi fólks á að leggja áherslu á vönduð vinnubrögð varðandi sjálfbærni og sjálfbæra orkunotkun, t.d. möguleikinn á að nýta varmann frá „Körunum“ og fleira. Það er því trú mín að mjög vel yrði tekið í þessa hugmynd og fólk hafi almennt áhuga á að yrði gert að veruleika. Einnig að mikilvægt sé að undirbúa vel með áherslu á vönduð vinnubrögð og framkvæmd út frá sjálfbærni, t.d. hönnun, staðsetningu og orkunotkun.

2. Samfélagslegur veiðibátur / trilla.

Ég var svo ljónheppin að vera boðin í ferð út í Papey í vor, þar sem rættist reyndar langþráður draumur hjá mér. Við sigldum í Papey daginn fyrir Sjómannadag á sólskinsbjörtum degi og stillu og 18 stiga hita (út í ey, sem hafði ekki gerst í einhver ár). Frábær dagur í boði Pálu og Kidda. Á leiðinni heim var ákveðið að taka smá krók og veiða nokkra þorska.

Í kjölfarið datt mér í hug hvort mætti ekki koma í framkvæmd „**„samfélagslegum veiðibát“**, s.s. veiðibát sem allir íbúar á Djúpavogi (sem vilja) geta haft aðgengi að til að ná sér í soðið.

Þar sem Kiddi og Pála stóðu fyrir ferðinni nýti ég þau í dæmi að eftirfarandi hugmynd að útfærslu.

Hægt væri að leigja bátinn og „skipsstjórn“ af Kidda fyrir laun, eldsneyti og viðhald, sem hefði þá það hlutverk að sigla með fólk (eftir einhverskonar bókunum í samráði við hann) í stuttar veiðiferðir. Útfærslu mætti svo skoða betur og þróa áfram.

Ég hef einnig áður átt gott samtal við fólk um að skipuleggja Cittaslow-horn í Kjörbúð til að gera Cittaslow áþreifanlegra og sýnilegra í kauptúninu. Undirbúningur þess var kominn af stað og ég hlakka til þegar það verður að fullu tilbúið.

Virðingarfyllst

Fordis Savaðdóttir

Aðstoðarskólastjóri Djúpavogsskóla.